



ENDURSKOÐUN

Jón Sturla Jónsson

endurskoðandi hjá Grant Thornton og formaður Félags löggiltra endurskoðenda.

Endurskoðun lítilla fyrirtækja



Félags löggiltra endurskoðenda

Þær raddir hafa verið nokkuð háværar að ISA staðlarnir geri það ítarlegar kröfur til endurskoðunar að kostnaður fari fram úr hófi fyrir lítill og meðalstór félög.

Nýlega setti Norræna endurskoðendasambandið (NRF) á laggirnar sérstakan vinnuhóp sem hefur það að markmiði að þróa nýjan staðal fyrir endurskoðun lítilla fyrirtækja. Fyrir kunnuga gæti það hljómað undarlega í ljósi þess að fyrir liggja alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar sem endurskoðendum er gert skylt að nota við endurskoðun um allan vestrænan heim. Hvers vegna er þörf á nýjum staðli?

Samkvæmt lögum um endurskoðendur ber endurskoðendum að styðjast við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) þegar framkvæmd er endurskoðun reikningsskila. Þær raddir hafa verið nokkuð háværar hér á landi, sem og erlendis, að ISA staðlarnir geri það ítarlegar kröfur til endurskoðunar að kostnaður fari fram úr hófi fyrir lítill og meðalstór félög. Því hefur verið haldið fram að ekki fari saman kröfur hagsmunaaðila um áreiðanleika reikningsskila lítilla og meðalstórra félaga og síðan þær kröfur sem ISA gera til endurskoðunar þessara félaga, enda eru þær kröfur nákvæmlega þær sömu og gerðar eru til endurskoðunar stórfyrirtækja og skráðra félaga.

Ýmsir eru þessu þó ósammála, og fara þar fremst í flokki alþjóðlega staðlaráðið sjálft sem telur að sniða eigi umfang endurskoðunar að umfangi verkefnisins. Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sé áhættumiðuð og á þannig að taka mið af umfangi og flækjustigi hverju sinni.

Hin norrænu systurfélög Félags löggiltra endurskoðenda (FLE), sem saman eru aðilar að NRF, hafa verið nokkuð samstíga í afstöðu sinni í

þessu máli. Eiga Norðurlöndin það sameiginlegt að endurskoðunarskylda miðast hér við nokkuð lág stærðarmörk sem leiðir til þess að gert er að skyldu að framkvæma endurskoðun á umtalsvert minni rekstrareiningum en gengur og gerist í öðrum löndum Evrópu og víðar.

Markmiðið með endurskoðun reikningsskila er að endurskoðandinn staðfesti réttmæti og áreiðanleika upplýsinga í ársreikningi og að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag. Til að unnt sé að gefa út slíkt álit þarf endurskoðandinn að framkvæma nokkuð ítarlega vinnu og skal hún taka mið af kröfum ISA staðla. Gæti endurskoðandinn mögulega komist að sömu niðurstöðu með minni fyrirhöfn þegar um er að ræða lítill fyrirtæki? Eða þá hitt, gæti hann mögulega framkvæmt annars konar vinnu sem veitti ekki jafn mikla vissu fyrir lesanda reikningsskilanna en væri engu að síður fullnægjandi miðað við þær væntingar sem gerðar eru til hans sem endurskoðanda lítils fyrirtækis?

Samstarfshópurinn sem settur hefur verið á laggirnar af NRF, og inniheldur meðal annars fulltrúa frá FLE, leitast við að svara fyrri spurningunni. Hvað varðar þá síðari hefur FLE sett sér þá stefnu að kynna aðra þjónustu endurskoðenda gagnvart hagsmunaaðilum og viðskiptavinum enda hafa margir endurskoðendur orðið varir við það viðhorf að skortur sé fyrir hendi í þjónustuframboði endurskoðenda þegar kemur að áreiðanleika reikningsskila. Valið stendur á milli fullrar endurskoðunar eða áritunar á ársreikning þar sem endurskoðun hefur ekki farið fram og því ekki gefið álit á reikninginn. Skortur er á þjónustu sem veitir eigendum eða öðrum hagsmunaaðilum hæfilega vissu um að helstu liðir reikningsskilanna séu réttir, stærstu eignir séu til staðar og skuldbindingar séu rétt framsettar, án þess þó að farið sé fram á fulla endurskoðun.

Slík þjónusta er þó vissulega fyrir hendi innan ramma alþjóðlegra endurskoðunarstaðla. Ber þar helst að nefna könnun á reikningsskil (review). Könnun er ekki jafn umfangsmikil vinna og endurskoðun og eingöngu gefið álit þess efnis að endurskoðandinn að hafi ekki orðið var við neitt sem bendir til þess að reikningurinn gefi ekki glögga mynd af rekstri og efnahag. Könnun felst að mestu í greiningaraðgerðum og fyrirspurnum til stjórnenda. Einnig kæmi til greina að endurskoðandinn gæfi álit á ákveðnum hluta reikningsskilanna án þess að gefa álit á reikningsskilunum í heild sinni.

Slík þjónusta hefur þó ekki markað sér sess hér á landi enn sem komið er, eflaust vegna vanþekkingar kaupanda endurskoðunarþjónustunnar og skorts á miðlun upplýsinga hvað felst í þjónustunni. Það eru þó væntingar þess sem hér ritar að ef bætt yrði úr hvoru tveggja er líklegt að þessir þjónustupættir ættu eftir að nýtast notendum reikningsskilanna vel og vera viðskiptavinum endurskoðenda til mikilla hagsbóta.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 29. maí 2014 bls. 19.